

**Eyjafjarðardeild Rauða krossins, stjórnarfundur í Viðjulundi, Akureyri,
þriðjudaginn 13. maí 2025 kl. 17:00**

Fundarboð

Mættir á fundinn: Þorsteinn K. Björnsson, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Eva Hrund Einarsdóttir, Kristjana V. Valgeirsdóttir, Jóhanna Björk Sveinbjörnsdóttir, Lárus H. Sigurðsson, Gunnar Már Gunnarsson og Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri.
Boðaði forföll: Kári F. Lárusson
Mætti ekki: Helga Margrét Freysdóttir

1. Ósk um umboð vegna persónuverndarmála frá Eyjafjarðardeild.

Stjórn samþykkir beiðni um umboð frá Rauða Krossinum á Íslandi með eftirfarandi breytingu á fyrstu málsgrein. Rauði krossinn við Eyjafjörð 620780-3169, Viðjulundi 2, 600 Akureyri („deildin“) gefur hér með Rauða krossinum á Íslandi, kt. 530269-2649, Efstaleiti 9, 103 Reykjavík, fullt og ótakmarkað umboð til að annast málefni sem snerta persónuvernd og varða verkefni deildarinnar og viðskipti deildarinnar við þriðja aðila í fullu samráði við fulltrúa deildarinnar.

2. Endurnýjun almenns umboðs til handa deildarstjóra Eyjafjarðardeildar og prófkúruumboð fyrir deildarstjóra og formann.

Stjórn Rauða krossins við Eyjafjörð samþykkir að heimila deildarstjóra, Ingibjörgu E. Halldórsdóttur, kt. 260980-5729, að fara með öll dagleg fjármál deildarinnar og starfsmannamál. Deildarstjóri hefur heimild til að ráðstafa fjármunum deildarinnar innan fjárhagsáætlunar og samþykka stjórnar. Enn fremur leyfi til að gera samninga fyrir hönd deildarinnar í samræmi við þá stefnu sem mörkuð hefur verið á stjórnarfundum. Stjórn samþykkir einnig að Ingibjörg og Þorsteinn K. Björnsson kt. 311252 2329 fari með prófkúru félagsins og fela deildarstjóra að skila gögnum þess efnis til ríkisskattstjóra.

3. Vinaverkefnið á Dalvík.

Sóley Björk Stefánsdóttir verkefnastjóri fór yfir stöðu vinaverkefnisins á Dalvík. Í byrjun janúar fór vinaverkefnið af stað og er leitt af Sóleyju. Þó nokkur vinna hefur legið í því að kynna verkefnið og finna sjálfboðaliða til þess að hafa umsjón með verkefninu. Verkefnið fer vel af stað og hópur sjálfboðaliða farinn að keyra verkefnið áfram.

Stjórn fagnar þeim áfanga sem hefur verið náð og þakkar Sóleyju Björk fyrir kynninguna.

4. Endurskoðun á fjárhagsáætlun og rekstrarstaða deildarinnar á fyrsta ársfjórðungi.

Stjórn samþykkir breytingar á fjárhagsáætlun. Breytingin liggur að mestu í tilfærslu á verkefnum. Rekstraniðurstaðan eftir endurskoðun er er áætlað tap upp á 10.364.994.- að teknu tilliti til fjármagnsliða. Rekstrarniðurstaða á fyrsta ársfjórðungi er betri en gert var upphaflega ráð fyrir. Niðurstaðan er tap upp á 3.266.746.-

5. Staðfesting á samþykki á greiðslu kostnaðar vegna ráðstefnuferðar til Strassbourgh vegna skaðaminnkunarverkefna.

Stjórnar samþykkir kostnað upp á 370.000.- vegna ráðstefnuferðar. Áætlað er að deildarstjóri og annar hópstjóri Frú Ragnheiðar fari í ferðina.

6. Lagt var fyrir fundarboð vegna auka aðalfundar Rauða krossins á Íslandi 15. maí.

Eftirtaldir stjórnarmenn ætla að mæta á fundinn fyrir hönd stjórnar. Þorsteinn K. Björnsson, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Eva Hrund Einarsdóttir, Kristjana V. Valgeirsdóttir., Jóhanna Björk Sveinbjörnsdóttir, Lárus H. Sigurðsson og Gunnar Már Gunnarsson,

7. Viðhald á húsnæði.

Ingibjörg deildarstjóri fór yfir tilboð í framkvæmdir við múrviðgerð og málingu utanhúss á eignarhluta Rauðakrossins. Tvö tilboð bárust í verkefnið. Stjórn ákveður að taka lægra tilboðinu sem var frá Grunnurog2.

Slippfélagið hefur ákveðið að gefa deild Rauða krossins efni vegna viðhaldsins í afmælisgjöf. Stjórn þakkar Slippfélaginu kærlega fyrir framlagið.

8. Önnur mál

Undirritunarsíða

Formaður
Þorsteinn Kristinn Björnsson

Varaformaður
Kristín Björk Gunnarsdóttir

Meðstjórnandi
Kristjana Valdey Valgeirsdóttir

Meðstjórnandi
Eva Hrund Einarsdóttir

Lárus Hafsteinn Sigurðsson

Jóhanna Björk Sveinbjörnsdóttir

Gunnar Már Gunnarsson